

TÍMABUNDIÐ LÆKNINGALEYFI Á SÉRNÁMSGRUNNSÁRI

Við undirritun ráðningarsamnings á Landspítala eða Sjúkrahúsi Akureyrar, eftir því sem við á, undirritar sérnámsgrunnslæknir umsókn um tímabundið starfsleyfi sem tekur til þess hluta námsársins sem viðkomandi verður ekki með fullgilt lækningaleyfi samkvæmt námsblokkinni fyrir sérnámsgrunn. Sérnámsgrunnslæknar fá tímabundið starfsleyfi sem nær til þess tíma sem viðkomandi námslæknir er ekki með almennt lækningaleyfi meðan á námsdvöl stendur samkvæmt 11. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012034.html>).

Tímabundið lækningaleyfi er gefið út til að sinna tilgreindum læknisstörfum á þeirri starfsstöð sem sérnámsgrunnslæknir fær úthlutað skv. námsblokk fyrir sérnámsgrunn. Sérnámsgrunnslæknar starfa undir stjórn og eftirliti læknis sem hefur fullgilt lækningaleyfi og undir handleiðslu handleiðara. Embætti Landlæknis vill áréttta með tilkynningu á vefsíðu sinni júní 2020 að námslæknir getur ekki sótt um tímabundið lækningaleyfi á annarri starfsstöð en þeirri sem viðkomandi er á skv. námsblokk. Sérnámsgrunnslæknir getur óskað eftir að afturkalla leyfið komi upp ástæður sem krefjast þess.

Réttur til að ávísa lyfjum takmarkast við sjúklinga og útskriftarsjúklinga á starfsstöð sem tilgreind er í tímabundnu starfsleyfi.

Allar lyfjaávísanir skulu vera í samráði við ábyrgan sérfræðilækni og færðar inn í sjúkraskrá. Engar lyfjaávísanir eiga að vera gerðar utan þeirrar starfseiningar sem námslæknir starfar á skv. námsblokk fyrir sérnámsgrunn (útgefinni af menntadeild LSH með samþykki nefndar sem skipuleggur námsblokkir fyrir sérnámsgrunnslækna skv. reglugerð 467/2015 með síðari breytingum). Fari námslæknir í leyfi á sérnámsgrunnssárinu hefur hann ekki leyfi til að ávísa lyfjum þann tíma.

Sérnámsgrunnslækni ber að kynna sér og starfa eftir riti frá embætti landslæknis:

Leiðbeiningar um góða starfshætti lækna við ávísun lyfja:

<https://island.is/lyfjaavisanir-efirlit-leidbeiningar/leidbeiningar-um-goda-starfshaetti-laekna>

Mikilvægt að sérnámsgrunnslæknar þekki til lyfjagagnagrunns embættis landlæknis sem er aðgengilegur í Sögukerfinu eða beint af vef embættisins á slóðinni: <https://lyfsedlar.landlaeknir.is/Login.aspx?ReturnUrl=%2f>

Í þessum leiðbeiningum kemur meðal annars fram:

- Ef læknir ávísar lyfjum á einstakling sem hann veit lítið um er sérstaklega mikilvægt að hann skoði lyfjasögu þeirra í lyfjagagnagrunni embættis landlæknis.
- Læknir stýrir lyfjagjöf en ekki sjúklingurinn, og lækni ber að meta á gagnrýninn hátt hvaða lyfjum einstaklingur þarf á að halda og í hvaða skömmtum og endurskoði lyfjagjöfina reglulega.
- Læknir í afleysingastarfi á ekki að ávísa ávanabindandi lyfjum á sjúklinga nema í umsjá yfirlækna, þetta gildir sérstaklega um langtímameðferð með skömmtun. Lyfjaendurnýjanir til sjúklinga, sem eiga sér stað án stofuviðtals til sjúklinga sem ekki eru í samlagi læknis, ættu ekki að eiga sér stað án samráðs (að vera í samráði við) þann lækni sjúklingsins sem hóf meðferðina. Þetta á sérstaklega við þegar um ávanabindandi lyf er að ræða.